

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 14. október 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Eiríkur Rögnvaldsson boðaði forföll og einnig Steinunn Stefánsdóttir varamaður hans. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Undirbúningur málræktarþings og ályktun um stöðu íslenskrar tungu

Sjá fg. stj. ÍM 7/2014, 2. lið. Formaður og Jóhannes greindu frá undirbúningi fyrirhugaðs málræktarþings 15. nóvember. Kostnaði við leigu á salnum í Iðnó, tülkaþjónustu og kynni verður skipt með mennta- og menningarmálaráðuneyti en hátíðardagskrá þess á degi íslenskrar tungu fer fram á eftir þinginu. Ýmis framkvæmdaatriði voru rædd. Útdrættir erinda og titlar verða að vera tilbúnir í lok mánaðar til þess að tími gefist til að hanna möppur fyrir málræktarþingið.

Ákveðið var að hefja vinnu við ályktun um stöðu íslenskrar tungu sem fyrst. Anna Sigríður ber aðalábyrgð á henni núna. Þema ályktunarinnar verður það sem áunnist hefur af markmiðum málstefnunnar. Þetta tengdist máli og mannréttindum því að megininntak málstefnunnar væri réttur fólks til að nota íslensku á öllum sviðum. Dreifa þyrfti ályktuninni víðar en gert hefur verið áður.

2. Úttekt á íslenskri málstefnu 5 ára

Sjá fg. stj. ÍM 7/2014, 3. lið. Formaður sendi fyrir fundinn drög að úttekt á efnudum íslenskrar málstefnu sem hann hafði safnað saman. Megnið af efninu er tilbúið en fínþússa þarf textann. Drögin verða rædd á fundi Íslenskrar málnefndar í nóvember og stefnt er að því að skila úttektinni til ráðherra í desember.

3. Ný vefsíða ÍM

Sjá fg. stj. ÍM 7/2014, 4. lið c. Jóhannes sagði frá vinnu við nýja vefsíðu Íslenskrar málnefndar. Drög að síðunni eru komin upp á tilraunavefsíðu sem Jóhannes sýndi stjórnarmönnum á fundinum. Þeir voru ánægðir með drögin en lögðu til nokkrar breytingar á síðunni.

4. Önnur mál

a) Fundur Íslenskrar málnefndar

Stefnt er að því að hafa næsta fund í Íslenskri málnefnd 25. nóvember kl. 15.30 í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þar verður meðal annars rædd úttektin á efnudum málstefnunnar.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16.10.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.